

## SKÝR MÖRK

Í Uppbyggingu setur skólinn skýr mörk þ.e. ófrávikjanlegar grundvallarreglur um óásættanlega hegðun.

Pegar farið er yfir þau skýru mörk er oftast brugðist við með því að viðkomandi nemandi er fjarlægður úr hópnum. Yfirleitt er hann færður til stjórnanda sem ákveður hver séu næstu skref. Í kjölfarið er rætt við barnið og það aðstoðað við að gera áætlun um hvernig það geti mætt þörfum sínum, án þess að ógna öryggi sínu eða annarra. Hvernig það geti lært af mistökum sínum og þannig byggt upp innri styrk.

### Skýr mörk, grundvallarreglur.

Í Giljaskóla eigum við aldrei að:

- Beita ögrunum eða andlegu- og líkamlegu ofbeldi.
- Koma með eða beita bareflum/vopnum eða eldfærum.
- Neyta tóbaks eða annarra ávana- eða fíkniefna, hvorki í eða við skólann eða nokkurs staðar þar sem við erum á vegum skólans.
- Klifra á handriðum í skólanum eða henda einhverju milli hæða.



Höfundur Uppbyggingarstefunnar er kanadíski uppeldisfræðingurinn Diane Gossen. Diane hefur ásamt nánasta samstarfsmanni sínum, Judy Anderson, unnið að framgangi stefunnar í mörgum löndum og hafa þær meðal annars kennt á námskeiðum hér á landi.

Giljaskóli hefur unnið samkvæmt Uppbyggingarstefnunni frá árinu 2006. Margir aðrir skólar vinna samkvæmt stefnunni, m.a. Álftanesskóli, Garðaskóli, Heiðarskóli, Brúarskóli, Grundaskóli og grunnskólar Grindavíkur, Borgarness, Ísafjarðar og Grenivíkur.

### Gagnlegar vefslóðir:

[www.realrestitution.com](http://www.realrestitution.com) / Heimasíða stofnunar Diane Gossen - Restitution

[www.glasser.com](http://www.glasser.com) / Heimasíða stofnunar Glassers. Upplýsingar um gæðaskólann.

[www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is) / Hnappur - Uppeldi til ábyrgðar.

[www.sunnuhvoll.com](http://www.sunnuhvoll.com) / Heimasíða Magna Hjálmarssonar.

[www.alfiekohn.org](http://www.alfiekohn.org) / Heimasíða Alfie Kohn.

[netla.khi.is/greinar/2007/003/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2007/003/index.htm) / Grein um Uppeldi til ábyrgðar eftir Magna Hjálmarsson og Guðlaugu Erlu Gunnarsdóttur

Sýn Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná góðum árangri í lífinu. Metnaður, viðsýni og ábyrgð eru undirstaða góðs námsárangurs en virðing, lífsgleði og kærleikur höfða til félags- og tilfinningaþroska sem er nauðsynlegur fyrir farsæl samskipti í leik og starfi.



Uppbygging sjálfsga - Uppeldi til ábyrgðar (Restitution) er hugmyndakerfi sem starfsfólk Giljaskóla kennir og notar í samskipta- og agamálum. Stefnan er í daglegu tali nefnd Uppbygging. Lögð er áhersla á kennslu sjálfsga, sjálfstjórn og uppbyggileg samskipti.

Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðrétta og bæta fyrir mistök sín, gera betur og

snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust.

Uppbygging leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og

virðingu fremur en ytri umbun.

Uppbygging eflir hæfileikann til sjálfstjórnar og hvernig brugðist er rétt við aðstæðum. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Markmiðið er að lifa við öryggi.

Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum og einbeita sér síðan að því að finna út hvernig þeir geta haft grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og kennari koma sér saman um hlutverk beggja. Uppbygging á samhljóm í markmiðum Aðalnámskrár í lífsleikni og er okkar leið til að fylgja eftir sýn Giljaskóla.




## Í aðferðafræði Uppeldis til ábyrgðar er lögð áhersla á:

- Sjálfsskoðun
- Uppbyggileg samskipti
- Kennslu sjálfsgæta
- Að finna leiðir til lausnar
- Að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri aðstæðum
- Að gefa tækifæri til að leiðrétta mistök
- Að skoða hvernig við viljum vera frekar en hvað við erum að gera
- Að finna þörfina bak við óskina

## GRUNNÞARFIRNAR 5

Samkvæmt Uppbyggingu þurfum við reglulega að uppfylla meðfæddar grunnþarfir okkar fyrir að tilheyra, hafa áhrif, njóta frelsis og gleði til að við getum verið lífsglöð, hamingjusöm og örugg. Orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar er sú að einstaklingurinn nær ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt.

### Þarfahringurinn



Hugmyndin með þessari flokkun er sú að kennarar og nemendur eigi auðveldara með að greina og skilja ólíkar þarfir. Nemendur læra að þekkja tilfinningar sínar, ná meiri sjálfstjórn og kennarinn getur betur komið til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

### Nemendur læra hverjar grundvallarþarfirnar 5 eru.

Nemendur þjálfast í að skoða hvernig þeir geta uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru. Þeir þjálfast líka í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreiningu á jákvæðan hátt.

### Dæmi um birtingarmyndir grunnþarfanna:

#### Rík þörf fyrir að tilheyra:

Vil að öðrum líki við mig  
Er háður foreldrum mínum  
Vinn fyrir kennarann  
Félagar skipta mig miklu  
Finnst gaman í hópvinnum

#### Rík þörf fyrir áhrif:

Vil hafa stjórnina  
Fylgist vel með áður en ég prófa nýtt  
Stressast ef mér mistekst  
Er mjög skipulagður  
Þarf helst að vera bestur

#### Rík þörf fyrir frelsi:

Vil hafa valmöguleika  
Þarf að vera á ferðinni  
Hef gaman af tilraunum  
Er sama hvað öðrum finnst  
Vil prófa nýja spennandi hluti

#### Rík þörf fyrir gleði:

Verð að njóta vinnunnar  
Einbeiti mér ef mér finnst gaman  
Vil leika trúð, vera fyndinn  
Skemmti mér, jafnvel þótt ég sé skammaður

#### Öryggi: Húsnæði, fæði, heilsa, klæði, hvíld og afkoma

Við reynum að mæta mismunandi þörfum nemenda. Við tökum mið af því að allir nemendur þurfa að finna fyrir öryggi.

## MITT HLUTVERK ÞITT HLUTVERK

Skilgreining á hlutverkum er í raun vinnulýsing nemenda og starfsmanna. Það eykur öryggi að þekkja hlutverk sitt.

Einn kosturinn við að skilgreina hlutverk er sá að hægt er að fækka reglum því meginreglan verður sú að manni ber að sinna hlutverki sínu.

### Dæmi um skilgreiningu á hlutverkum:

#### Kennari

Mitt hlutverk er að:  
Kenna  
Meta vinnu  
Koma undirbúinn  
Aðstoða og útskýra  
Tala við foreldra

Hlutverk mitt er ekki að:  
Skamma  
Taka við móðgunum  
Taka til eftir nemendur

#### Nemandi:

Mitt hlutverk er að:  
Læra  
Fara að fyrirmælum  
Sýna kurteisi  
Gera mitt besta  
Koma undirbúinn

Hlutverk mitt er ekki að:  
Kvarta  
Skemma  
Dæma

## LÍFSGILDI OG BEKKJARSÁTTMÁLAR

Bekkurinn sammælist um gildi sem hann telur mikilvægust í samskiptum og gerir bekkjarsáttmála í framhaldi af þeirri vinnu. Allir skrifa undir sáttmálann. Hvert gildi er skoðað sérstaklega; hvað í því felst, hvernig það birtist í orðum, gerðum og tilfinningum og hver andstæða þess er.

Best er að nemendur vinni eins mikið sjálfir og unnt er því ferlið er jafn mikils virði og útkoman.

Samkomulag í formi sáttmála er grundvallaratriði fyrir sjálfstjórn einstaklinganna í hópnum. Áherslan er færð frá ytri reglustjórnun með beitingu tilbreytingarlitilla viðurlaga í átt að uppbyggingarstjórn með áætlunum byggðum á gildismati.